

HEIMSKRINGLA

Kennar af 8 breyðum millifærðum.
Sagðar og skýrðar.
THE VIKING PRESS, LTD.
205 og 206 BARGENT AVE., WINNIPEG.
Telefon: 2-5057

Verð breyðna er 25¢ fyrir þessum heftum.
Eftir þessum. Allar þingmenn senda
stjórnunni breyðna.

Ráðgjafi:
BJÖRN PÉTERSSON
Ráðgjafi:
BJÖRN PÉTERSSON
STEFAN EINARSSON

Verð breyðna af 8 breyðum millifærðum.
THE VIKING PRESS, LTD., Box 2057,
Winnipeg, Man.
Verð breyðna af 8 breyðum millifærðum.
EDITOR HEIMSKRINGLA, Box 2057,
Winnipeg, Man.

The "Hemskringla" is printed and published by The Viking Press, Limited, at 205 and 206 Bargent Ave., Winnipeg, Manitoba. Telephone: 2-5057.

WINNIPEG, MANITOBA, 29. MARZ 1922

Hlutfallskosningar.

Fyrir fylkisþinginu liggur mál sem mjög mikilvægt er og sem að öllum líkindum verður afgreitt fyrir kosningarnar á komandi sumri, þó bakfiskur eða framkvæmdavald þingsins sé nú orðið harla lítið; þetta mál eru hlutfallskosningar.

Kosningar þær er fram hafa farið á síðari tímum, bera það með sér, að þær er hlutfallskosningum haldar fram hafa mikið til síns máls. Í sambandskosningunum síðustu náði fjöldi þingmanna sætum með einum þriðja hluta allra greiddra atkvæða. Og í síðustu kosningum í þessu fylki hlaut einn ónefndur þingmaður ekki nema 25% eða einn fjórða atkvæðanna í sínu kjördæmi, en allt að helmingur þingmanna einn þriðja eða tæpan helming.

Þetta sjá allir að er ekki í samræmi við réttmætar frelsisröfurlausu og meira að segja ósamkvæmt eðlilegum kvöðum þessa lands að því er einstaklingsfrelsi snertif, því á móti því verður ekki borið, að Canada er í eðli sínu eitt frjálsasta land sem til er undir sönnun og býður einstaklingnum ónumdar lenda með ótakmörkuðum gæðum, sem ekkert land á nú að bjóða. Þó íbúarnir séu þeir óvitar í stjórnsfarslegum skilningi að láta einstaka menn ausa upp auðinum á kostnað fjóldans, svo að hann lifir í viðjum fátæktar og féleysis, er það ekki landinu að kenna. Það er eins kostaríkt og felur í skauti sínu ótakmarkaðar nægtr hverjum einstaklingi til þess að honum geti liðið vel og hann geti verið efnalega og andlega frí og frjálst og lítið fagnandi og kærleiksrikt augm á lífið og heiminn.

Eitt af því sem vakað hefir fyrir þeim er frjálshyðum stefnum í stjórnmálum unna, eru breytingar á kosningaáferðum og að í stað algengustu áferðarinnar nú komi hlutfallskosningar. Hafa þær og verið teknar upp í bæum, t. d. hér í Winnipeg, og reynast ágætlega; gefa þeim stefnum er í minni hluta eru hlutfallslega rétta þátttöku í stjórnmálum. En þó að það fyrirkomulag sé heppilegt í bæjum, er spursmál hvort að það sé eins farsælt út um sveitir eins og nú standa sakir, þar sem að það mundi gefa bæjunum svo marga fulltrúa borið saman við sveitirnar. Í bæjunum er fjölmenni og ef hver fimm þúsund borgara ættu einn fulltrúa, yrði tala borgarfulltrúanna ef til vill mikið meiri en sveitarfulltrúanna. Ef t. d. í Manitoba væru hlutfallskosningar mundi Winnipeg hafa um 16 fulltrúa. En það yrði nokkuð mikið meira en nú er og ef til vill meira en sanngjarnt mundi þykja fyrir velferð sveitanna eða hinar smærri þjóðfélagsheildir.

En til þess að gera sveitunum rétt til, hafa verið uppgötvaðir ýmsir millivegir. Einn af þeim er sá er nú liggur fyrir löggjafarþingi fylkisins. En hann er í því fölginn, að úti í kjördæmum fylkisins sé tekin upp sú áferð að hver kjósendi tilnefni eða velji tvö þingmannsefni. Ef þrjú þingmannsefni eru í vald í einu kjördæmi skulu atkvæðaseðlarnir markaðir þannig, að við nafn þess er kjósendi æskir að sé fulltrúi sé settur tölustafurinn 1, en setji svo tölustafinn 2 við þann er hann æskir næst að ná kosningu. Þegar atkvæðin eru talin og það kemur í ljós, að einn þingmannanna af þremur hefir fæst atkvæði með tölustafnum 1, er hann úr sögunni. Eru hinum tveimur þá talin þau atkvæði, er þeim hafa verið gefin á atkvæðum hans með tölustafnum 2, og þannig fæst þingmaðurinn þá kosningu með meiri hluta allra atkvæða. Þó að þessi áferð, sem kölluð er "single transferable voting" — sé ekki fullkomin hlutfallskosning, er hún tækn betri en kosninga áferð sú er nú tilkast úti í kjördæmum í sveitum og er líklegt að verða leidd í lög fyrir næstu

kosningar. Höfum vér því reynt að útskýra hana hér og gefa nokkra hugmynd að minsta kosti um hana.

Yfirskoðun reikninga fylkisins.

Eftir að reikningar fylkisins voru birtir var eins og menn muna talsvert skrifað um þá og hag fylkisins yfirleitt.

Þingmenn virðast hafa tekið þetta til greina, því eitt af þeim málum sem fyrir þinginu liggur, þessu bakfisklausu þingi, er það, að láta yfirsöfn fara fram á reikningunum af óháðum mönnum.

Þetta er auðvitað sjálfagt að gert sé um leið og stjórnskrifti verða. Sú er við tekur veit þá hvað hún heppir og hin veit hverju hún sleppir. Þetta hefir of oft verið vanrækt og afleiðingin er sú, að stjórnmenn tekið hefir við, hefir oft leyft sér að fella sakir á fráfarandi stjórn, fyrir það sem henni sjálfri er ef til vill að kenna.

En þetta vil Hon. Ed. Brown hvorki sjá né heyra. Hann verður svo reiður ef óháð yfirsöfn er nefnd, að hann ræður sér ekki út af því.

Og til þess að reyna að leggja stein í veg fyrir, að slík yfirsöfn fari fram, ber hann upp í þinginu tillögu þess efnis, að þeir sem áður voru yfirsöfnarmenn reikninganna, séu með öðrum yfirsöfnarmönnum hér fengnir til að yfirlita reikninga fylkisins síðastliðin 7 ár.

En þessháttar yfirsöfn getur ekki náð tilgangi sínum. Að sömu mennirnir og gert hafa hana áður séu aftur fengnir til þess væri með öllu þýðingarlaust. Það hefir með sterkum rökum verið sýnt að reikningarnir sýni ekki hag fylkisins eins og hann í raun og veru er og það er fjármálaráðgjafinn og núverandi yfirsöfnarmenn sem sök eiga á því, ef um sök er nokkra að ræða. Það væri því að kalla þá til að vera dómara í sínu eigin máli, að fá þeim yfirsöfnarmönnum, sem verið hafa það verk aftur í hendur.

Hér er um viðskifti að ræða sem allir fylkisbúar eru hluthafar í. Og auðvitað velja þeir vita hið sanna um ástand og hag viðskiftanna. Hvi skyldi Hon. Ed. Brown eða nokkur annar reyna að setja fótinn fyrir dyrnar í þeim efnun? Þingmennirnir ættu fyrst og fremst að hafa í huga það sem rétt er gagnvart fjóldanum og það er, að óháð yfirsöfn fari fram á reikningum og hag fylkisins; þá fyrst vita íbúarnir hvernig sakir félagsins — sem þeir eru allir hluthafar í — fylkisins — standa. Það er meira en kominn tími til þess að kveða niður ráðríkni einstakra manna í bæði þessum og öðrum stjórnmálaskökum og færa þeim heim þann sannleika, að þeir séu þjóðar, en ekki einvalds-herrar alþýðunnar.

Nauðsyn brýtur lög.

Hvað veldur því að Lloyd George er því svo fylgjandi að fulltrúar frá Rússlandi verði á fundinum í Genf?

Það hefir engin bein ástæða enn verið færð fyrir því.

En sumum finst ekki til um þetta. Og þeir spyrja: Vakir fyrir Lloyd George að reisa hag Rússlands? Ber hann svo mikla með aumkun í brjósti til þessarar fyrirliðu þjóðar, sem nú er, að honum finnist hann verða að reyna að hefja hana upp í tölu annara þjóða heimsins?

Þannig virðast margir eða jafnvel flestir líta á stefnu Lloyd George í þessu efni; að nokkuð annað geti komið til mála er ekki minnst.

En hér sem oftar missa menn sjónar á veruleikanum. Lloyd George er hvorki ant um að hagur Rússlands vaxi eða minni í sjálfa sér. Og meðaumkun hans til rússnesku þjóðarinnar hefir liðið áhrif, hvort sem hún kann að vera mikil eða lítil fyrir hjá honum, er um alþjóðamál er að ræða.

Hagstofa Rússlands eða sú deild hennar er í Þýskalandi er, hefir nýlega gefið út skýrslur yfir viðskifti Rússa við aðrar þjóðir síðan að Soviet stjórnmenn tók við völdum. Alls nema viðskiftin á þeim tíma nærri sex hundruð milljónum króna svenskra. Nærri helmingur þessarar fjárhæðar hefir farið til Þýzka lands fyrir iðnaðarvörur er Rússland hefir keypt af því. Og nærri, en þó nokkuð minni, hafa viðskiftin verið við Svíþjóð. En af Bretum hafa Rússar aðeins keypt vörur fyrir 14 milljónir króna (svenskra).

Þetta er dælitíð umhugsunarvert fyrir Bretland.

Áður en stríðið skall á keyptu Bretar hráefni af Rússum í frámálega stórum stíl. Og þeir seldu Rússum aftur ógrynni af iðnaðarvörum. Ef Bretland öðlast aftur viðskifta-samband sitt við Rússland yrði það til þess að efla svo iðnaðinn heima fyrir á Englandi, að allt vinnuleysið þar mundi að mestu hverfa. Þetta er og hefir engum verið ljósara en Lloyd George. Og það er ástæðan fyrir því,

að hann vill að Rússland hafi fulltrúa á Genf-fundinum og semji við Bretland og aðrar þjóðir um viðskifti.

Ekki er með þessu verið að gefa það í skyn, að Rússland græði ekki á því, ef slík viðskifti yrðu aftur endurerist. Það auðvitað nýtur hags af því, sem önnur lönd og eigi síðar. Og með öllu því vörufni sem önnuð liggur í skauti þessa viðskiftumikla lands, Rússlands, er migilfenglegt til þess að hugsa; að löndin umhverfa það og umheimurinn skuli til þessa hafa getað látið þau ónotuð vegna stjórnsfarslegs skoðanamunar landanna og látið bæði rússnesku þjóðina og alþýðu í öðrum löndum líða fyrir það eins og raun hefir á orðið.

En nauðsyn brýtur lög. Efnalegt ástand þeirra landa er viðskifti ráku við Rússland áður, hefir orðið fyrir svo tilfinnanlegum hnekki af þessu, að ilt er úr því að bæta á annan hátt. Viðskiftabannið átti að hnekkja Rússlandi stjórnsfarslega. En það gerði það aðeins efnalega, fyrst og fremst þar og sem afleiðingu af því, krefti hlutfallslega-einnig svo að öðrum þjóðum, er viðskifti sín og velferð byggðu að talsverðu leyti á þeim efnahag, að þær mega illa án þeirra vara lengur. Þessar þjóðir sveltu sjálfar sig inni með einangran Rússlands.

Stefna Lloyd George mun vera fölginn í því, að reyna að ráða bót á þessu á þennan hátt sem á hefir verið minnst, enda er það eina leiðin út úr hinum almennu fjárhags-vandræðum margra Evrópulandanna og miklu þýðingar meira spor en alþjóðfundirnir í verulega umbóta átt.

Okrynda Ameríska drotningin.

(SAGA.)

Kóna og drotningadýrkunin er nú horfin eða er öðum að hverfa. Hennar gætur nú ekki í hugunarhætti fólks til muna, og ef til vill ekki nema hjá börnunum, í leikjum þeirra. En fyrir eitt hundráð árum var þessu annan veg farið. Þá var það ekki aðeins hún Betsy litla Patterson sem með systkinum sínum lék sér undir laufþöktu trjánun í Baltimore að því að vera drotning, heldur dreyndir fullorðna fólkið einnig um það. Ástæðan var auðvitað ekki sú, að það gæti átt sér stað í veruleika nema fyrir orðfám að verða kóngar eða drotningar, heldur var hugsin in um það svo dýrðleg, að hún ein fylti sálirnar fögnuði. Betsy litla komst samt svo langt, að verða drotning — þó okrynd væri.

Hún hét Elizabet Patterson fullu nafni, en var kölluð Betsy í daglegu tali, framan af að minsta kosti. Hún var strax sem ungabarn forkunnar fríð; hafði stór dökk augu og rósfagar varir. Bros hennar var töfrandi og ómótstæðilegt, ef hún kaus að beita því. Hörundsliturinn var drifhvitur. Heimilisfólkið hafði mesta dæleti á henni og spilti henni allt, nema faðir hennar.

Við þetta bættist svo gáfur hennar og ágæt mentun, þó í heimabúsum nyti hún hennar. Ennfremur var faðir hennar einn af áhrifamestu og auðugustu mönnum nýja lýðveldisins, Bandaríkjanna. Hún varð brátt flestum stúlkum fremri bæði að fegurð og atgjörfi og gáfum. Í bréfum hennar frá efri árunum getur hún þess að sig hafi ávalt fýst að ná í völd og metorð. En þrátt fyrir það að hún hefir eflaust búist við því á æskuskeiðinu að verða í fremstu röð kvenna í ættlandi sínu, er ekki líklegt að hún hafi nokkru sinni gert sér vonir um að komast í tölu kónunga fólks. Þó er haft eftir henni, að hún hafi einhverntíma sem barn spáð því fyrir sér, að hún mundi komast í kynni við hirðmeyjarnar á Frakklandi.

Faðir hennar var hygginn og varfær í hviðvetna. Aftur á móti hennigðist hugur hennar að því er mikið bar á og æfintýrlegt var. Og við tsofnun eða framtíð hins nýja lýðveldis sá hún ekkert stórmærilegt. Eins og margir aðrir hafði hún í þess átt augun á hinum undravörðum uppgangi Napoleons Bonaparte, sem kom sem leiftur sunnan af eyjunni Corsica og á svipstundu ruddi sér veg til frama og valda. En æfisol hans gekk til viðar á annari eyju og ekki með eins mikilli geisladýrd og hún upprennandi fæðingarsól hans. En það sá nú samt enginn fyrirfram og Elizabet auðvitað ekki heldur. Því síður gat henni þá dottið í hug, að hún og Napoleon mikli ættu eftir að eyðileggja hvort annars áform.

II.

Þó Napoleon mikli væri kallaður "stjórnanandi áttar Evrópu" um eitt skeið, var hann af fátækum foreldrum fæddur. En með dæmafám dugnaði, braust hann á svipstundu til valda. Og það var ekki aðeins stjórnaðlið sem hann lét sig skifta. Hann réði athöfnun skyldmenna sinna einnig. Eftir þau giftust án þess að spyrja hana, áttu þau ekki mikillar uppreisnar eða hjálpavon frá honum.

Jerome bróður Napoleons fýsti að vera hluttakandi í herfræð hans og vera með honum á herferðum. En það var Napoleon ekki. Í stað þess lét hann Jerome vera í sjóhænum, en iðnaðist þó eftir það síðar. Eftir að hafa verið um hríð á Miðjarðarhafinu var Jerome sendur til Vest-Indía-eyjanna. En honum leiddist brátt þetta sjóvolk og hann einsetti sér — þótt ástæðu hefði hann enga — að heimseka Bandaríkinn.

Hin óvanta koma Jeromes til Bandaríkjanna varð Jefferson forseta vandræðafni mesta því ef hann gerði nokkuð fyrir bróður Napoleon, gat hann búist við að það yrði til þess að spilla hinum nýfengna friði milli Englands og Bandaríkjanna.

Jerome hafði nokkra menn með sér. En þó leit það svo út, sem menn vissu lítið um komu hans til Bandaríkjanna þar til að hann þáði heimboð Commodore Barney er verið hafði í sjóher Frakka — og heima átti níu í Baltimore. Jerome hugsaði ekki ekki mikið um hverju framfór, og meðan verið var að ráðstafa því, að koma honum til Frakklands, notaði hann hvert tækifæri til að skemta sér. Enda gafst honum tækifæri til þess. — Þegar Barney, sem var tengdasonur eins af þeim er skrifuðu undir frelsisakrá Bandaríkjanna, var búinn að kunnagera hver maður þessi væri, fékk þessi svarthæðsi, hörundsfagri franski drengur heimboðin úr öllum áttum frá leiðandi mönnum þarna í Baltimore og Jerome lifði þar hvern dagin nefrir annan í dýrðlegum fagnaði.


Og auðvitað hitti fegursta stúlkan í Baltimore, ungrú Patterson þegar í stað þennan unga og káta æfintýramann. Er sagt, að þegar fundi þeirra bar saman í fyrsta sinni, hafi gullfesti, sem hann bar, flækst utan um ungrú Patterson. Ekkert minnst hún þó á þetta, er hún segir frá því að Jerome tók hana með sér á skemtanir. En ef til vill hefir henni þá er festin öfst utan um hana, dottið í hug, að hún mundi setjast á drotningastól? Hver veit?

III.

Elizabet var réttira sextán vetra, en Jerome átján. Faðir hennar sá álstaðar ljón á vegi, ef hann leyfði þeim að halda þannig áfram, sem auðsætt var að gat ekki haft annað að lokum í för með sér en giftingu, en samkvæmt lögum á Frakklandi þurfti Jerome að biða ein sjö ár enn til þess að gifting hans þar yrði skoðuð lögum samkvæmt. Og gifting hans varð fyrst og fremst að vera samþykkt af móður hans, sem nú var ekkja Madame Mere. Patterson gerði því allt sem í hans valdi stóð til að halda þeim aðskildum og hann sendi dóttur sína burtu um tíma. En hún kom brátt aftur til Baltimore. Og þegar faðir hennar sá, að "ekki var með neinum ráðum eða á friðsaman hátt hægt að aðskilja þau," eins og hann skrifaði sendiherra Bandaríkjanna á Frakklandi, ásetti hann sér að hætta allri mótspyrnu og reyna að gera það beztu sem hægt var úr öllu.

Og sjaldan eða aldrei hafa iðbúarnir í Baltimore séð ríkmannlegri eða glæsilegri giftingu en þá er fór fram á aðfangadagskvöldið árið 1803. Um hana var alstaðar talað og hugir flestra hafa bæði nokkru fyrir og eftir hana ekki eins oft reikað að nokkru öðru og þeirri giftingu. Patterson, faðir hennar hafði gert allt sem unt var að gera, að því er lög snerti, til þess að gifting dóttur sinnar og bróður mesta mannsins í Evrópu væri gildandi. En ekki er ómögulegt að hugur hans hafi hvarflað að þeirri spurningu, hvert framhaldið mundi nú verða á þessu, er hann heyrði erkbiskup Carroll lýsa því yfir að þau væru hjón.

En Betsy litla lifði í sæludraumi ástarinnar. Og það var ekki aðeins, að yfirstandandi tíð léki í lyndi, heldur fanst henni framtíð.



Dodd's nýrmapulur eru bestar nýrnameðalið. Læka og gigt, bakverk, hjartaból, þvægteppu, og önnur veikindi, sem stafa frá nýrunum. — Dodd's Kidney Pills kosta 50c aukjan eða 6 öskjur fyrir \$2.50, og fást hjá öllum lyfðöllum eða frá The Dodd's Medicine Co., Ltd., Toronto, Ont.

in ef til vill ennþá glæsilegri. Hún dáðist að Napoleon Bonaparte óendanlega og fundust allir litlir hjá honum. Hún gætti þess ekki að forfeður hennar voru engu ógöfugri menn en hann; Old Mortality, Irinn alkunni, stóð ekki að baki Corsicu-fjölskyldunni. Og hún gleymdi því einnig, að faðir hennar hafði staðið hlíð við hlíð með Robert Morris og Stephen Girard og borið efnalega á herðum sér með þeim kostnað stjórnsýrðingarnar og hann hafði átt fullkomlega sinn þátt í því að Cornwallis gafst upp. En þetta var allt svo nærri henni, að hún veitti því enga sérstaka eftirtekt. Það var allt meira og stærra sem fjarri var.

IV.

Að visu var Jerome Bonaparte ekki konungur. En þó að veldi bróður hans væri ekki nema nýbyrjað er Jerome kom til Baltimore og að það yrði miklu meira síðar, þá samt gerði hann sér vonir um konungdóm. Og stúlkuna, sem hann elskaði og dáðist að, og sem, þó einkennilegt megi heita, var ekki ósvipuð systur hans; Pauline og jafnvel Napoleon sjálfum, bæði að andlitslagi og framgöngu, hafði hann auðvitað fylt vonum um að þeirra biði konungsríki einhverstaðar. Og því ekki? Napoleon hafði ávalt liðið eftir skyldmönnum sínum í því efni. Hann gleymdi æfni á Corsica og fátæktinni sem hann var fæddur í. Hann mundi aðeins eftir því að hann var ráðrikur og glysgjarn unglingur og að Napoleon hló að því og Josephine drotning dáðist að honum. Nýlega eða rétt áður en hann fór til Vest-Indía-eyjanna, var hann sændur heiðri sem hetjur einar voru sændar. Átt var þetta í huga hans forboði þess, að hann yrði áður langt leið sændur konungstign.

Elizabet var ástúðlegasta stúlka; fegurð hennar var töfrandi og gáfurnar og mannkostirnir miklir. En hún var stærlát. Og mörgum stundum varði hún fyrir framman speglinn, eða horfandi á myndirnar sem málaðar höfðu verið af henni og voru auðvitað í annara augum töfrandi. Við giftingu hennar kærði hún sig þó ekkert um að vera sérstaklega skrautklædd og mátti það undarlegt heita. En hún gaf einhverjum í skyn, að hún ætlaði þá að skreyta sig sinni eigin fegurð. Jerorme var aftur á móti klæddur þeim skraut og dýrnbúningi við giftinguna, að slíkt hefir hvorki fyrir né síðar sétt í Baltimore.

Framhald.

Skip aðgerðarlau.

Mælt er að ekki sé nærri því nægileg vinna fyrir allan skipastól Bretlands sem stendur. Skip sem til saman eru að stærð um 2.000.000 tonn, eru nú aðgerðarlau. En flutnings-skipastóllinn mun vera um 18.000.000 tonn. Ekki er ástandið sagt neitt betra í Bandaríkjunum í þessu efni.